



Sjötti fundur Græns teymis fimmtudaginn 13. október 2018 kl. 8:10

Fundarmenn: Ásta Þórisdóttir, Davíð Rúnar Gunnarsson og Lína Björg Tryggvadóttir sem skrifaði fundargerð. Hildur Dagbjört Arnadóttir mætti ekki á fundinn

1. Fjallað um stöðu mála varðandi úttekt sem verður síðar í mánuði. Verkefnastjóri telur að öll gögn séu komin nema aðeins eigi eftir að vinna í Ársskýrslu 2016 en henni er að verða lokið.
2. Fjallað um Græn skref. Þörf er á að fara ferð um sveitarfélögin og kynna verkefnið bæði fyrir starfsmönnum sveitarfélaganna og einnig fyrirtækjum á Vestfjörðum. Lagt var til að verkefnastjóri færi í ferð um svæðið í nóvember og Hildur Dagbjört Arnadóttir væri fengin með sem ráðgjafi. Fjármagn sem fékkst í styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu yrði nýtt enda yrði verkefnið Umhverfisvottaðir Vestfirðir kynntir fyrir fyrirtækjum og almenningi á svæðinu. Verkefnastjóri mun tala við Hildi um mögulegar dagsetningar fyrir fundi í nóvember.
3. Fjallað um verkefni sem Vesturbyggð fór í en þar var valin 15 manna hóp íbúa sem eru tilbúnir að jarðgera lífrænt sorp og útbúa moltu á sínu heimili. Hópurinn hittist og fær fræðslu um hvernig best er að standa að slíkri jarðgerð og eftir það verður gerður samningur á milli hópsins og Vesturbyggðar um framkvæmdina. Vesturbyggð leggur til jarðgerðartunnu og í staðinn minka íbúar það sorp sem þarf að senda í Fíflholt.
4. Plastpokalausir Vestfirðir – fjallað um verkefni sem hefur farið af stað á Vestfjörðum en verkefnið er í tengslum við Umhverfisvottaða Vestfirði. Farið hefur af stað á Vestfjörðum verkefni sem ber heitið **Pokastöðvar** og er hluti af alþjóðlegu fjölnotaburðarpokakerfinu **Boomerang bags**. Byggist það á að samfélagið búi til poka úr endurvinnslufni t.d. bolum, gardínum eða öðru afgangsefni. Fjölnotapokunum er síðan safnað saman á pokastöðvar og þaðan geta íbúarnir fengið lánaðan poka þegar fjölnotapokinn gleymist heima.

Fellur þetta verkefni að verkefninu Plastpokalausir Vestfirðir sem sveitarfélögin hafa samþykkt að fara í. Vesturbyggð hefur lagt til mannskap og merkingar fyrir pokana, til þess að hrinda þessu verkefni af stað en önnur sveitarfélög hafa ekki farið þá leið ennþá.

Grænt teymi leggur til að aftur verði send út hvatning til sveitarfélagana á Vestfjörðum sem hljóðar svo:

Grænt teymi umhverfisvottunar hvetur sveitarfélögin til að leggja til einn eða fleiri starfsmenn til þess að stuðla að því að Vestfirðir verði plastpokalausir. Starfsmaður vinni að verkefninu a.m.k einu sinni í mánuði í 2-3 tíma í senn. Sveitarfélögin á Vestfjörðum samþykktu að stuðla að því að Vestfirðir yrðu að mestu plastpokalausir árið 2018, með því að samþykkja „Framkvæmdaráætlun Umhverfisvottunar 2015-2020“. Vesturbyggð hefur byrjað að vinna að verkefni sem á að stuðla að því að hægt verði að taka plastpoka úr umferð í verslunum. Ber verkefnið heitið „taupokagerð fyrir verkefnið Umhverfisvottaðir Vestfirðir“. Grænt teymi hvetur önnur sveitarfélög innan Fjórðungssambands Vestfjarða að gera hið sama. Sveitarfélagið leggur til starfsmenn sem vinna að því að gera verkefnið að möguleika og leggja einnig til



merkingar á pokana, sem hægt er að kaupa. Allir pokar sem gerðir eru fara á skilgreindar pokastöðvar sem verða staðsettar í verzlunum á Vestfjörðum. Þar verða fjölnota pokar til láns sem hægt er að nota í stað plastpoka þegar fjölnota pokarnir gleymast heima. Pokarnir verða merktir verkefninu og er hægt að skila pokunum á pokastöð hvar sem er á Vestfjörðum. Til að verkefnið geti orðið að veruleika þarf að hvetja fólk til að búa til poka og sveitarfélögin þurfa að taka saman höndum þannig að starfsmenn geti unnið að því á skilgreindum vinnutíma.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30. Næsti fundur áætlaður kl. 8:10 þann 9. nóvember 2018.